

## **Arðsemi VBS fjárfestingarbanka 48% fyrir skatta**

### **Fyrsta milliuppgjörið bendir til þess að mikill og arðbær vöxtur sé fram undan**

VBS fjárfestingarbanki hf. skilaði 1.352 milljóna króna hagnaði fyrir skatta á fyrri hluta ársins 2007. Það jafngildir 48% ávöxtun eigin fjár á ári og lætur nærri að hagnaður hafi numið 10 milljónum króna á hverjum virkum degi frá því að samruni VBS og FSP hf. tók gildi um áramótin. Að teknu tilliti til skatta var hagnaðurinn 1.114 milljónir sem jafngildir 39% ávöxtun eigin fjár á ársgrundvelli. Samkvæmt fyrsta hálfis árs uppgjöri sameinaðs banka nemur eigið fé rúmum 7,7 milljörðum króna og er eiginfjárlutfall (CAD) 30,3%. Hlutfall rekstrakostnaðar af tekjum var aðeins 23% sem er með því lægsta sem þekktist hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum. Fjárhagslegur styrkur og aðrar forsendur eru því fyrir hendi til stækkunar bankans og gefur árangurinn hingað til fyrirheit um að sá vöxtur muni einkennast af góðri arðsemi eigin fjár.

Jón Þórisson, framkvæmdastjóri, segir árangurinn framar björtustu vonum. „Eftir sameininguna við FSP höfum við unnið markvisst að því að auka fjölbreytni í starfseminni. Við höfum náð ánægjulegum viðsnúningi í vaxtatekjum, byggt upp lánasafn og aukið verulega tekjur af miðlun verðbréfa og eignastýringu sem og af milligöngu og ráðgjöf fyrir fyrirtæki. Á sama tíma er rekstrarkostnaðurinn mjög lágur. Sameiningin hefur því heppnast fullkomlega og við erum komin á fulla ferð. Verkefnastaðan okkar er mjög góð á öllum afkomusviðum og því horfum við fram á mikinn og góðan vöxt á næstunni,“ segir Jón.

Starfsemi VBS skiptist í eftirtalin svið: Fyrirtækjasvið. lánasvið, eignastýringu, markaðsviðskipti og framkvæmdafjármögnun auk stoðsviða. Gengi hlutabréfa VBS var um áramót 17,5 krónur á hvern hlut en var 32 krónur á hlut þann 30. júní, og hefur því gengi bankans hækkað um ríflega 82%. Að auki fengu hluthafar greiddan arð í maí sem nam um 70 milljónum. Miðað við gengið 32 er verðmæti VBS rúmum 14,2 milljarðar króna.

---

Meðfylgjandi ítarefni:

- i) Lykilþættir úr rekstri VBS fjárfestingarbanka á fyrri hluta ársins 2007
- ii) Yfirlit yfir einstök svið VBS fjárfestingarbanka

---

Nánari upplýsingar veitir Jón Þórisson, framkvæmdastjóri, í síma 894 0482

## Lykilþættir úr rekstri VBS fjárfestingarbanka á fyrri hluta ársins 2007

- Hagnaður fyrir skatta nam 1.352 milljónum sem jafngildir 48% ávöxtun eigin fjár á ársgrundvelli.
- Hagnaður eftir skatta nam 1.114 milljónum sem jafngildir 39% ávöxtun eigin fjár á ársgrundvelli.
- Eigið fé bankans var rúmir 7,7 milljarðar þegar sex mánuðir voru liðnir af árinu.
- Hreinar rekstrartekjur voru 1.783 milljónir.
- Hlutfall rekstrakostnaðar af tekjum var 23% sem er með því lægsta sem þekkist hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum.
- Eignir bankans námu 23,6 milljörðum í lok tímabilsins.
- Eigið fé (CAD) er 30,3%, sem sýnir mikinn fjárhagslegan styrk og mikla vaxtarmöguleika.
- Mikil breyting hefur orðið á samsetningu tekna á fyrri árshelmingi þar sem vaxtatekjur og þóknunartekjur eru nú mun stærri þáttur í heildartekjum.
- VBS fjárfestingarbanki hf. og FSP hf. sameinuðust á tímabilinu og miðast samruninn við 1. janúar 2007.
- Árshlutareikningur bankans er nú í fyrsta sinn gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).
- Gengi hlutabréfa í bankanum hækkaði um 82% á fyrri hluta ársins.
- Hluthafar í VBS fjárfestingarbanka voru 104 í lok júní.

## **Yfirlit yfir einstök svið VBS fjárfestingarbanka**

### **Eignastýring – forstöðumaður: Björn Ólafsson**

Eignastýring VBS hefur skilað viðskiptavinum sínum góðri ávöxtun það sem af er árinu, en eignir viðskiptavina í umsjá VBS hafa vaxið um 50% frá 30. júní 2006 og nema nú um 27 milljörðum króna. Viðskiptavinum eignastýringar hefur jafnframt fjölgað umtalsvert á sama tímabili. Sala á fjárfestingarvörum svo sem sjóðum Carnegie er einnig vaxandi þáttur í starfsemi eignastýringar.

### **Fyrirtækjasvið – forstöðumaður: Magnús Sch. Thorsteinsson**

Skammt er síðan fyrirtækjasvið var sett á laggirnar í bankanum og hefur það farið mjög vel af stað. Á fyrri hluta árs hafði sviðið m.a. milligöngu um kaup á JB byggingarfélagi, kaup á Emmess Ís og kaup á verslun Sævars Karls. Fyrirtækjasvið VBS einbeitt sér að þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki og sérstaða VBS felst í tafarlausri afgreiðslu mála og stuðningi við áætlanagerð og mótun framtíðarsýnar þeirra fjárfesta sem í hlut eiga. Verkefnastaða er góð og horfir vel með afkomu sviðsins á síðari hluta ársins.

### **Framkvæmdafjármögnun – forstöðumaður: Tómas Eiríksson**

Svið framkvæmdafjármögnunar hefur um árabil sérhæft sig í að skipuleggja fjármögnun byggingarframkvæmda, bæði með beinni þátttöku VBS sem lánveitanda en einnig með útgáfu og sölu veðskuldabréfa. Með vexti VBS skapast tækifæri til að taka þátt í stærri verkefnum en áður hefur verið mögulegt.

### **Lánasvið – forstöðumaður: Brynjólfur Bjarnason**

Mikill vöxtur er í lánastarfsemi VBS og hefur áhersla verið lögð á að auka dreifingu útlánasafnsins með tilliti til atvinnugreina, mynta, tegunda lána, lánstíma o.s.frv. Mikil eftirspurn er eftir þjónustu bankans á þessu sviði og er sérstaða hans einkum fólgin í miklum sveigjanleika og getu til að bregðast hratt við óskum viðskiptavina.

### **Markaðsviðskipti – forstöðumaður: Valdimar Svavarsson**

Markaðsviðskipti VBS náðu góðum árangri á fyrrihluta ársins. Tekjur af miðlun innlendra og erlendra hlutabréfa hafa vaxið jafnt og þétt og markaðshlutdeild VBS í Kauphöllinni hefur aukist verulega síðustu mánuði. Miðlun skammtíma skuldabréfa gekk einnig vel og er nú sem áður lykilþáttur í starfsemi sviðsins. Markvisst hefur verið unnið að því að auka enn umsvif sviðsins og styrkja stoðirnar með ráðningu nýrra starfsmanna og nýjum áherslum og var sú vinna farin að skila tilsettum árangri undir lok tímabilsins.

### **Stoðsvið**

Stoðsvið bankans hafa verið eflað á fyrri hluta ársins til að auðvelda vöxt bankans. Áhættustýring og fjárstýring hafa verið gerðar að sjálfstæðum verkefnum og settur hefur verið forstöðumaður fyrir hvort svið. Einnig hefur verið ráðinn forstöðumaður fyrir lögfræðisvið. Forstöðumenn stoðsviða eru: Guðmundur Frímannsson – fjármálasvið, Sigurður H. Kristjánsson – fjárstýring, Guðmundur Birgisson – áhættustýring og Högni Friðþjófsson – lögfræðisvið.